

31. mars 2011.

Samráðsáætlun um Samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði

Hér fer á eftir áætlun um samráð við hagsmunaaðila um samgöngukerfi Vatnajökulsþjóðgarðs. Áætlunin er unnin í framhaldi af tilmælum umhverfisráðherra til stjórnar þjóðgarðsins í tengslum við staðfestingu Stjórnunar- og verndaráætlunar. Markmiðið er að sátt náist um meginatriði og almennar viðmiðanir um aðgengi, sem geta orðið leiðarljós fyrir útfærslu samgöngukerfis til framtíðar og hvaða leiðir skuli vera skilgreindar.

Möguleg áhrif samráðsins á samgöngukerfi þjóðgarðsins

Þegar gengið er til samráðs við hagsmunaaðila er mikilvægt að öllum aðilum sé ljóst fyrirfram hvaða áhrif niðurstöður samráðsins geta haft á ákvarðanatöku í nútíð og framtíð. Að mati stjórnar þjóðgarðsins hefur mikil vinna þegar verið lögð í að skipuleggja samgöngukerfi þjóðgarðsins með aðkomu fjölda aðila sem til þekkja en þó sé ástæða til að hlusta eftir fleiri sjónarmiðum og ábendingum, einkum ef fram koma nýjar upplýsingar eða sjónarhorn. Stjórn þjóðgarðsins mun fjalla um það sem fram kemur og gera breytingar á samgöngukerfinu ef hún telur að slíkar breytingar séu til bóta og um þær geti náðst góð sátt. Þá telur stjórnin mikilvægt að fá fram almenn sjónarmið hagsmunaaðila, bæði varðandi samgöngukerfið og samráð um útfærslu þess til að styðjast við þegar ný svæði eru tekin undir þjóðgarðinn og taka þarf ákvarðanir um einstakar leiðir. Þannig geta niðurstöður samráðsins bæði haft áhrif á einstakar leiðir innan núverandi marka þjóðgarðsins og á stefnu um útfærslu samgöngukerfisins til framtíðar.

Áfangaskipting

Samráðsferlinu er hér skipt í fjóra áfanga. Gert er ráð fyrir því að öllum upplýsingum um niðurstöðu hvers áfanga verði miðlað á vefnum.

Fyrsti áfangi - Hagsmunaaðilagreining:

Útbúin verður hagsmunaaðilagreining sem snýr einkum að aðgengismálum þjóðgarðsins. Á grundvelli hennar verða lagðar línur varðandi tilhögun og mönnun á fundum í öðrum og þriðja áfanga auk starfhóps í fjórða áfanga.

Afrakstur:

- Yfirlit yfir þá hagsmunaaðila sem koma þurfa að samráðsferlinu um samgöngur og með hvaða hætti þeir koma að.
- Tillaga um þátttöku hagsmunaaðila í fundum í öðrum og þriðja áfanga auk skipunar starfhóps sem sér um úrvinnslu til stjórnar í fjórða áfanga.

Annar áfangi - Fundur um samráðsfyrirkomulag með fulltrúum hagsmunaaðila:

Haldinn verður fundur með fulltrúum hagsmunaaðila, þar sem málið er opnað, samráðsáætlunin er kynnt og fulltrúum gefinn kostur á að bregðast við. Einnig lagðar línur varðandi fyrirkomulag kynningar á samráðinu og áréttað mikilvægi þess að fulltrúar taki að sér að halda sínum

félagsmönnum vel upplýstum. Jafnframt verða kynnt áform um skipun og umboð starfshóps sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til stjórnar á grundvelli niðurstaðna samráðsfundar í þriðja áfanga. Í lok fundar yrði framtíðarfyrirkomulag samráðs, t.d. í tengslum við stækkun þjóðgarðsins, borið undir þátttakendur.

Afrakstur:

- Fundargerð þar sem fram koma sjónarmið þátttakenda, áhyggjur og væntingar ásamt endanlegum tillögum um fyrirkomulag samráðs. Samráðsferlið (sem hér er lýst) gæti breyst ef tilefni er til eftir umræðurnar.
- Ákvörðun um fjölda fulltrúa sem boðaðir verða á samráðsfundi í þriðja áfanga og hverjir taka sæti í starfshópi.

Þriðji áfangi - Samráðsfundur um aðgengi og samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði:

Boðið verði til samráðsfundar þar sem fulltrúar hagsmunaaðila koma saman og ræða þarfir sínar og hugmyndir. Tilgangur fundarins er að efna til samræðu um meginatriði um aðgengi og samgöngur í þjóðgarðinum, sbr. ofangreint, en einnig um einstakar leiðir. Gera má ráð fyrir að fram komi tillögur varðandi einhverjar breytingar á samgöngukerfinu. Fundurinn verði u.þ.b. 2-3 klukkutíma langur.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag fundarins koma fram í fundarboði og á vef þjóðgarðsins.

Á grunni hagsmunaaðilagreiningar verði reynt að tryggja jafnvægi á fundinum og sjá til þess að rökræða fari fram í hópum þar sem ólík sjónarmið eiga hljómgrunn.

Afrakstur:

- Samanteknar niðurstöður vinnuhópa um meginreglur varðandi aðgengi og samgöngur í þjóðgarðinum og ályktanir þeirra um áhrif meginreglna fyrir samgöngukerfið sem ráðherra hefur staðfest í Stjórnunar- og verndaráætlun. Yfirlitið verði kynnt á vef þjóðgarðsins.

Fjórdi áfangi - Samantekt tillögu til stjórnar:

Starfshópur vinnur tillögu til stjórnar úr niðurstöðum samráðsfundar í þriðja áfanga. Sérstakur verkstjóri verður fenginn til að leiða hópinn og aðstoða við mótun tillögu. Hópurinn hefur til hliðsjónar margvíslegar upplýsingar sem málið varðar, m.a. varðandi ákvæði laga, reglugerðar, ákvæði í Stjórnunar- og verndaráætlun, hlutverk þessara fyrirmæla og samhengi. Gera má ráð fyrir því að hópurinn hittist u.þ.b. 3 sinnum en það þarf þó að vera honum í sjálfsvald sett.

Afrakstur:

Tillaga til stjórnar frá starfshópnum, byggð á skilaboðum samráðsfundarins.

Tímasetningar

Hér fyrir neðan eru drög að tímasetningum:

Fyrsti áfangi: Hagsmunaaðilagreining lögð fram á fundi stjórnar þann 30. mars.

Annar áfangi: Fundur með fulltrúum helstu hagsmunaaðila um fyrirkomulag samráðs um miðjan apríl.

Þriðji áfangi: Samráðsfundur haldinn í vikunni eftir páska.

Fjórdi áfangi: Starfshópur skilar fyrir 10. júní.